

Alþingi  
Erindi nr. P 139/3003  
komudagur 12. 8. 2011 Samtök eigenda sjávarjarða.  
Pósthólf 90,  
780 Hornafirði.

Alþingi nefndasvið,  
101 Reykjavík.  
nefndarsvid@althingi.is

12. ágúst 2011.

**Athugasemdir vegna frumvarpa til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 827 (heildarlög) og 839**

Hér með er komið á framfæri eftirfarandi atriðum hvað viðvíkur eignarrétti sjávarjarða til sjávarauðlindarinnar. Gerð er krafa um að réttur þessi verði hafður til samræmingar við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða.

Undirritaður vísar til þess að frumvarp þetta gengur alveg gegn og tekur ekkert tillit til stjórnarskrárvarinna eignarréttinda sjávarjarða sem fyrirmæli eru um í lögum, en sjávarjarðir eiga belti sjávar í sjávarauðlindinni, sjá sem dæmi meðfylgjandi auglýsingu, og upplýsingar sem þar er að finna um lagafyrirmæli, frá 8. apríl 2011, sem er endurskoðun á auglýsingu samtakanna frá 3. október 2003, álit Mannréttindadómstóls Evrópu um eignarrétt sjávarjarða, úrtak úr fundargerð frá starfshópi um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða frá 7. fundi nefndarinnar 19. febrúar 2010 og minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005. Orðrétt segir í álit Mannréttindadómstóls Evrópu, sem er meðfylgjandi: „Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“. Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Margítrekað hefur íslenskum stjórnvöldum verið bent á þennan grundvallareignarrétt sjávarjarða, en hann hefur samt verið algjörlega hundsáður s.l. tæplega 3 áratugi. Auk þess eiga sjávarjarðir atvinnurétt svo nefndan útræðisrétt, sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur viðurkennt í öðru máli. **Þingmenn Alþingis hafa svarið eið að stjórnarskrá Íslands m.a. um það ákvæði hennar að eignarrétturinn sé friðhelgur og ekki megi svipta borgarana honum nema ákveðin skilyrði séu uppfyllt.** Slík skilyrði eru ekki uppfyllt við setningu þeirra laga sem getið er um í frumvarpi þessu. Alþingismenn hafa ekki lagalegt umboð eða heimildir til að setja lög um fiskveiðiauðlindina án þess að fullt tillit sé tekið til þeirra sem fyrir eiga eignarhlutdeild í auðlindinni.

Eigendur sjávarjarða eru því ekki jafnir öðrum borgurum þessa lands fyrir lögunum, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Netlög sjávarjarða eru þinglýst eign, í ljósi atvika er eignarréttur tvímælalaus, og enginn vafi leikur á því að eigendur sjávarjaðra eru réttir og löglegir eigendur en verða ólöglega sviptir áfram eign sinni með frumvarpi þessu. Allir mega sjá að brotið er gegn löglegum grundvallar mannréttindum eigenda sjávarjarða.

Eigendur sjávarjaðra leitast við að verja eignarrétt sinn, sem er þinglýstur og viðurkenndur í lögum og Mannréttindadómstóll Evrópuráðsins segir að eignarréttur þessi sé lögformlega í samræmi

við eignarréttarákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Eigendur sjávarjarða eiga því sjálfstæða hagsmuni, sem þeir eru bærir um að fylgja eftir.

Eigendur sjávarjarða eiga þá eign sem nefnd er netlög sem er hluti landhelginnar, fiskveiðilögsögunnar, þ.e. sjávarauðlindarinnar. Eign þessari hefur aldrei verið afsalað af eigendum sjávarjarða og látinn í hendur annarra. Þessi réttur er forn og hefur löglega fylgt sjávarjörðum frá ómunatíð. Eigendur sjávarjarða hafa aldrei heimilað íslenskum stjórnvöldum að ráðstafa eign þessari á nokkurn hátt. Slíkar ráðstafanir, hvort sem er með fyrri lögum eða með fyrrgreindu frumvarpi til laga eru því ólöglegar og heimildarlausar með öllu.

Með frumvarpi þessu er brotið gegn lögvörðum eignarrétti eigenda sjávarjarða. Augljóst er að um mikilvægan eignarrétt er að ræða á verðmætri hlutdeild í sjávarauðlindinni, sem ekki verður tekinn af eigendum nema almenningsþörf krefjist þess, þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Á meðan löglegar heimildir og umboð Alþingis eru ekki fyrir hendi krefjast eigendur sjávarjarða þess að fá að njóta eigna sinna í friði í samræmi við 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sem samþykktur var af Íslandi 18. maí 1954.

Umræða hefur farið fram um veðsetningar á veiðiheimildum. Þess ber að geta að eigendur sjávarjarða hafa heimild, samkvæmt lögum til að veðsetja þann hluta eignar sinnar í sjávarauðlindinni sem eru netlög og veiði þar í samræmi við þau. Netlög eru hluti fiskveiðilögsögunnar og landhelginnar, samkvæmt lögum.

Nokkrar upplýsingar fylgja hér með um eignarheimildir.

Til upplýsinga eru send meðfylgjandi skjöl:

1. Auglýsing, dags. 8. apríl 2011 (endurskoðun á auglýsingu frá 3. október 2003).
2. Álit Mannréttindadómstóls Evrópu 2. desember 2008, mál nr. 40168/05.
3. Úrtak úr fundargerð 7. fundar starfshóps um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða 19. febrúar 2010.
4. Minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005.
5. Bréf, dags. 22. janúar 2008 til Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
6. Bréf, dags. 11. júní 2009 til sjávarútvegsnefndar Alþingis frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
7. Bréf, dags. 23. október 2009 frá lögmannstofunni Réttur til sjávarútvegsráðherra.
8. Bréf, dags. 8. júlí 2010 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
9. Bréf, dags. 27. september 2010 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
10. Bréf, dags. 13. október 2010 til utanríkisráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
11. Svar við fyrirspurn í 421. máli á Alþingi.
12. Bréf, dags. 19. febrúar 2011 til fulltrúa Evrópusambandsins frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
13. Bréf, dags. 29. apríl 2011 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.

Heimasíða Samtaka eigenda sjávarjarða er: [www.ses.is](http://www.ses.is)

Eignarréttur eigenda sjávarjarða, er glöggur og skýr og sönnunargögn alveg tæmandi, sbr. m.a. álit Mannréttindadómstóls Evrópu. Verið er að undirbúa lög með frumvarpi ólöglega og án heimilda.

Farið er fram á að fullt tillit verði tekið til eignarréttinda sjávarjarða við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða og löglegra eignarréttinda þeirra verði getið í lögnum.

Virðingarfyllt,

f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður,

[omar@litlahorn.is](mailto:omar@litlahorn.is)

# Auglýsing

## um einkaeign á hafsvæðinu í netlögum og að sjávarjörðum fylgir eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild

Með vísan til meginreglna íslensks réttar um réttaráhrif friðlýsinga og lögfestna, sbr. m.a. 16. og 17. kap. landleigubálks Jónsbókar, og með vísan til samkvæmrar dómiðkunar frá ómunatíð og neðangreindra tilvitnana í sett lög, þá **kunngjörist hér með og tilkynnist:**

- Eigendur sjávarjarða eiga eignarréttarlega hlutdeild í sjávarauðlindinni og beinan eignarrétt að fiskveiði í netlögum sem er varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Eigendur sjávarjarða eiga ítaksrétt til veiða í fiskhelgi utan netlaga og á hefðbundnum miðum, sem jafna má til afréttarréttinda og er því eignarréttarlegs eðlis og varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt opinberri skýrslu stjórnvalda eiga nokkrar jarðir ákveðin fiskimið, sbr. t.d. skýrslu stjórnarereindrekans Ólafs Ólaviusar 1776.
- Útræði/heimræði og útræðisréttur, er einnig varinn af 75. gr. stjórnarskrár, enda jafnframt atvinnuréttarlegs eðlis.
- Sjórinn og sjávarbotninn í netlögum er víða mikilvæg uppeldisstöð og þar er oft mikil fiskgengd. Lífríkið og sjórinn innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Sjávarjarðir á Íslandi eiga og hafa frá ómunatíð átt hlutdeild í sjávarauðlindinni. Eignarhlutdeild þessi byggist í fyrsta lagi á netlögum, sem er ákveðið svæði í einkaeign í sjó út af landi (samanber meðal annars 3. kápítula rekabálks Jónsbókar frá 1281, 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. gr. laga nr. 39/1914 um beitutekju, 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, 14., 72., 77., og 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, 1. og 2. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 1. gr. laga nr. 64/1994 um fuglaveiðar, 1. og 2. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 1. gr. laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis). Í öðru lagi eiga sjávarjarðir fornan atvinnurétt, svokallað útræði/heimræði, sem metið hefur verið í fasteignamati og einnig hvalveiðiréttindi.

Fiskveiðilandhelgi Íslands, sem miðast út frá landi, víðast út frá landi sem er í einkaeign, nær einnig yfir netlög og er því þessi séreignarréttur hluti af landhelginni, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi Íslands. Hafíð og lífríkið í netlögum, ásamt öllum gögnum og gæðum, fylgir sjávarjörðum og er eign eigenda sjávarjarða. Einn frjósamasti hluti hafsins er í netlögum og er lífríkið ásamt sjónum sjálfum á hreyfingu milli netlaga í einkaeign og ytra svæðis þar sem ríkið fer með umráð. Auðlindin er því óskipt sameign.

Vísað er til þess, að með lögum um stjórn fiskveiða hefur eigendum sjávarjarða verið einhliða meinað að nýta þessa eign sína, án þess að fullt verð hafi komið fyrir, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og án þess að friðunarástæður eða önnur haldbær lagarök fyrir takmörkun eignarréttinda séu fyrir hendi.

Nú hefur Mannréttindadómstóll Evrópu komið með eftirfarandi álit sitt í úrskurði, í málinu nr. 40169/05, 2. desember 2008, um eignarrétt sjávarjarða í sjávarauðlindinni:

*„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.*

Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Reykjavík, 8. apríl 2011.

Samtök eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður

**Mannréttindadómstóll Evrópu, málið nr. 40169/05, dags. 2. desember 2008**  
**Álit.**

3. The Courts's assessment

“Moreover, the Court finds that the applicant's right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1”.

3. Álit dómstólsins

„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.

Eftirfarandi var haft eftir Eiríki Tómassyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands á 7. fundi nefndar (samkvæmt fundargerð) um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, 19. febrúar 2010:

*“Formaður (Guðbjartur Hannesson, innskot skýrsluritara) spyr hvernig langtímaafnotaréttur hefur verið skilgreindur og hvort hugmyndir úr annarri auðlindalöggjöf séu yfirferanlegar á fiskveiðilöggjöfina m.t.t. afnotaréttar. Fram kom að eigendur sjávarjarða hafa réttinda að gæta. ET sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða bætur fyrir.*

*Rætt var um hversu vandasamt það er að skilgreina eign og afnot og þá sérstaklega að teknu tilliti til þess atvinnuréttar sem getur skapast af eignarrétti eða afnotarétti”.*

## **Minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005, kl. 14.00.**

### **Efni fundar:**

Upplýsingum komið á framfæri frá stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða til formanns stjórnarskrárnefndar um rétt sjávarjarða til sjávarins.

### **Mættir:**

Formaður stjórnarskrárnefndar, Jón Kristjánsson.

Ómar Antonsson, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða.

Björn Erlendsson, ritari,

Árni Snæbjörnsson, hlunnindaráðunautur Bændasamtaka Íslands.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða vill með fundi þessum vekja athygli stjórnarskrárnefndar á eftirfarandi atriðum:

1. Sjávarjarðir eru flestar í einkaeign og er eignarréttur þeirra varinn, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.
2. Í einkaeigu sjávarjarða eru svo kölluð netlög sem er ræma sjávarins utan stórstraumsfjöruborðs.
3. Netlögin eru hluti fiskveiðilandhelginnar. Netlögin eru talin einn frjósamasti hluti sjávarins. Sjórinn þar og lífríkið er á ferð milli netlaganna og ytra svæðis þar sem íslenska ríkið fer með umráð. Sjávarauðlindin er því óskipt sameign og er nauðsynlegt að taka tillit til allra eigenda, sbr. aðrar óskiptar sameignir.
4. Margar sjávarjarðir eiga fornan rétt til veiða utan netlaga, þ.m.t. í fiskhelgi.
5. Landhelgi Íslands er miðuð út frá landi, þ.e. stórstraumsfjöruborði sjávarjarða, en margar sjávarjarðir eru í einkaeign og er því hluti landhelginnar í einkaeign.
6. Atvinnuréttur tilheyrir sjávarjörðum, svo kallað útræði og heimræði.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða fer fram á, að við umfjöllun stjórnarskrárnefndar um eignarrétt og atvinnurétt sjávarjarða og hugsanlegar stjórnarskrárbreytingar, þá taki nefndin fullt tillit til réttinda sjávarjarða og virði eignarrétt þeirra.

Vísað er í heimasíðu samtakanna: [ses.is](http://ses.is)

### **Meðfylgjandi:**

1. Auglýsing um rétt sjávarjarða frá 3. október 2003.
2. Bréf, dags. 7. nóvember 2002 frá formanni stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða til Dr. Franz Fischler, ráðherra sjávarútvegsmála hjá Evrópubandalaginu.

**Association of Coastal Property Owners  
(Samtök eigenda sjávarjarða)  
PO Box 90,  
780 Hornafjörður,  
Iceland**

The UN Human Rights Committee (The Commission for Human Rights),  
Attn. Ruth Wedgwood,  
United Nations Human Rights Centre,  
Palais des Nations,  
8-14 Avenue de la Paix,  
CH-1211 Geneva 10,  
Switzerland.

Reykjavík, Iceland, 22 January 2008.

**Re: Views of the UN Human Rights Committee, dated 14 December 2007, on  
Communication No. 1306/2004.**

Dear Sir / Madam,

The Association of Coastal Property Owners has received a copy of the Views of the UN Human Rights Committee, dated 14 December 2007, on Communication No. 1306/2004, concerning a complaint brought by two Icelandic fishermen against Iceland.

The Association welcomes the fact that this case came to the attention of the Committee, and is in agreement with the majority view of the Committee in most respects. However, there are some points to which it wishes to draw attention.

It would appear that the 18 committee members who were involved, or at least part of them, are under the impression that all the marine resources around Iceland are state-owned. This is not the case, as can be seen from the enclosed document. Part of these resources, lying in the *net zone* (*netlög* in Icelandic) are in private ownership. The net zone is a belt of the sea adjacent to the coast, extending out from the spring tide low-water mark. Being the shallow water closest to the land, this is one of the most fertile parts of the sea, and this is where, for example, fish fry develop into mature fish which later form the stocks from which catches are made, both in the net zone and in the outer part of the country's fisheries jurisdiction. As the water and the living resources of the sea are in motion between the net zone, where private ownership applies, and the open sea, the resources form an unbroken continuum of common property, and parties must take each other's rights into account. In all discussion of equality of rights in the context of these natural resources, it is necessary to give attention to the ownership rights of all concerned, including their employment rights.

Enclosed, please find an Advertisement, issued by the Association on 3 October 2003, which describes this situation in further detail.

The Icelandic government has, arbitrarily, without consultation with the lawful owners and without their consent, unlawfully appropriated this asset from the coastal property owners and made it over to its protégés. This entails the unlawful deprivation both of property and of the right of employment. The principle of equality has not been observed towards coastal property owners, neither as regards their right of employment nor their rights of ownership. In every respect, arbitrary procedures have been followed. The Icelandic Government has not respected the constitutional rights of its citizens, and the principle of equality has been violated. The owners of these rights no longer have control over them: they have been arbitrarily deprived of their property, in contravention of Article 17(2) of the UN Universal Declaration of Human Rights. This has been possible in the absence of effective monitoring of the Icelandic legal system by international institutions.

The Association of Coastal Property Owners in Iceland considers it necessary to bring these facts to the attention of the UN Human Rights Committee.

Copies of this letter have been sent to all 18 members of the UN Human Rights Committee who were involved in the Views adopted on the aforementioned Communication No. 1306/2004.

Yours sincerely,  
On behalf of the Icelandic Association of Coastal Property Owners,

---

Ómar Antonsson, Chairman.

Copies to:

- The Althing's Standing Committee on Fisheries, Alþingi, 150 Reykjavík.
- The Althing's Standing Committee on Agriculture, Alþingi, 150 Reykjavík.

Enclosed:

- Advertisement by the Association of Coastal Property Owners, dated 3 October 2003.



## **Advertisement**

### **concerning private ownership of the marine environment within the net zone and of a share of total marine resources**

With reference to the fundamental principle of Icelandic law concerning the effects in law of declarations of protected status and legal registration (cf., for example, Chapters 16 and 17 of the Land Rent Section of the Jónsbók Law Code), and with reference to consistent judicial practice from times immemorial and the following references in enacted statutes, **it is hereby announced:**

- Coastal property owners own a lawful share, in the marine resources and have a direct right of ownership to fish catches in the net zone; this is protected under Article 72 of the Constitution.
- Coastal property owners have share-rights to fish catches in the fishing zone outside the net zone and in traditional fishing grounds that can be compared with common grazing rights and are thus of a legal nature as to enjoy protection under Article 72 of the Constitution.
- Fishing, both far from and close to the property shore, and the right to utilize the fishing grounds, are also protected under Article 75 of the Constitution, these rights also being of a type concerning employment.
- The sea and the sea-bed within the net zone are in many places important as hatchery and growth areas, and are often frequented by large numbers of fish. The living species and the sea inside and outside the net zone constitute one mobile and undivided whole. This confirms the private ownership share pertaining to coastal properties in the common property of the Icelandic people named in Article 1 of the Fisheries Management Act.

From times immemorial, coastal properties in Iceland have owned a share in the resources of the sea. This ownership share is based on the "net zone," a zone extending into the sea from the land which is in private ownership (cf. for example Chapter 3 of the Drift Rights section of the law code Jónsbók of 1281, Article 3 of the Decree on Fishing in Iceland of 20<sup>th</sup> June 1849, Article 1 of the Act No. 39/1914 on bait-collecting, Articles 4 and 5 of the Lakes Act, No. 15/1923, Articles 14, 72, 77 and 96 of the Salmon and Trout Fishing Act, No. 76/1970, Articles 1 and 2 of the State Ownership of the Resources of the Seabed Act, No. 73/1990, Article 1 of the Bird Hunting Act, No. 64/1994, Articles 1 and 2 of the Study and Exploitation of the Resources of the Earth Act, No. 57/1998 and Article 1 of the Prospecting, Investigation and Exploitation of Hydrocarbons Act, No. 13/2001).

Iceland's economic zone, which is measured from the land, most of which is privately owned, also extends over the net zone; thus, the private ownership rights of coastal properties are included in the economic zone (cf. Article 1 of the Icelandic Economic Zone Act, No. 41/1979). The sea and the living resources in the net zone are the property of the owners of the coastal properties. The most fertile part of the sea is in the net zone, and the living resources, together with the sea itself, move without obstruction in and out of the net zone and the outer region which is under the control of the state. In addition to this, the coastal properties have an ancient right of economic activity, i.e. of fishing from their land, which is recorded in the land register records, and also whaling rights. Thus, the Icelandic state does not have full right to dispose of undivided resources.

Reference is made to the fact that the Fisheries Management Act has resulted in a unilateral denial of coastal property owners' rights to make use of the rights they own, without full compensation having been paid as provided for under Article 72 of the Constitution and without reference to considerations of nature conservation or other satisfactory legal reasons applying for the setting of restrictions to the right of ownership.

Reykjavik, 3<sup>rd</sup> October 2003.  
Association of Coastal Property Owners  
Ómar Antonsson

**The letter was sent to:**

Maurice Blélé-Ahanhanzo, Benin.  
Abdelfattah Amor, Tunisia.  
Prafullachandra Natwarlai Bhagwati, India.  
José Luis Sanchez-Cerro, Peru.  
Christine Chanet, France.  
Michael O'Flaherty, Ireland.  
Yuji Iwasawa, Japan.  
Walter Kalin, Switzerland.  
Ahmed Tawfik Khalil, Egypt.  
Rajsoomer Lallah, Mauritania.  
Edwin Johnson Lopez, Ecuador.  
Zonke Zanele Majodina, South Africa.  
Iulia Antoanessa Motoc, Rumania.  
Elisabeth Palm, Sweden.  
Rafael Posada, Colombia.  
Sir Nigel Rodley, United Kingdom.  
Ivan Shearer, Australia.  
Ruth Wedgwood, United States of America.

**Samtök eigenda sjávarjarða.  
Pósthólf 90,  
780 Hornafirði.**

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið,  
Sjávarútvegsnefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. júní 2009.

**Málefni:** Athugasemdir Samtaka eigenda sjávarjarða við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009).

Ég undirritaður, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða, vísa í samtali mitt við Gaut Sturluson, lögfræðing nefndarsviðs og tölvupóst hans 9. júní 2009.

**Formáli:**

Hinn 5. júlí 2001 voru Samtök eigenda sjávarjarða stofnuð á fundi sem haldinn var í Reykjavík. Félagar í SES eru um 400. Jarðir með skráðan útræðisrétt eru rúmlega 1.000. Heildarfjöldi jarða sem eiga land að sjó eru taldar vera 2.240.

*Markmið Samtakanna er eftirfarandi:*

- Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í lögum um stjórn fiskveiða.
- Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Frá því að Samtökin voru stofnuð hafa ofangreind markmið ítrekað verið kynnt á opinberum vettvangi.

Nú liggur fyrir að stefnumál Samtakanna hafa ekki fengið framgang við hefðbundna umræðu við lagasetningu á Alþingi þegar lög um stjórn fiskveiða hafa verið endurskoðuð.

Í nýlegu álit Mannréttindadómstóls Evrópu, í máli grásleppubónda, kemur eftirfarandi fram: *“Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi myndað “eign” í skilningi l. gr. samningsviðauka 1”* (undirstrikun bréfitara). Refsimál þetta er sérmál grásleppubóndans en er ekki mál sjávarjarða í heild.

Hluti auðlindarinnar, svo nefnd netlög eru í einkaeign, samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Sjór, dýralíf og plöntulíf er á ferð milli netlaga og ytra svæðis og er því sjávarauðlindin óskipt og á flakki. Eigendur sjávarjarða eru meðeigendur að sjávarauðlindinni og eigendur eins mikilvægasta hluta hennar, þ.e. grunnsævisins næst landi.

Samtök eigenda sjávarjarða eru fjölmenn hagsmunasamtök um sjávarauðlindina, auk þess sem stefnumál þeirra er stærsta og umfangsmesta byggða- og réttlætismál síðari tíma.

Samtökin eru með heimasíðu. Slóðin er: [www.ses.is](http://www.ses.is)

## Athugasemdir við frumvarpið:

Samkvæmt skilgreiningu í Lögbókin þín eftir Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í lögum, þá eru netlög eftirfarandi: "Netlög nefnist ákveðið belti meðfram landi í sjó og vötnum sem tiltekin eignarréttindi eru bundin við. Netlög eru talin falla undir eignarrétt eiganda → *landareignar*". Ennfremur er vísað í meðfylgjandi auglýsingu frá 3. október 2003.

Misjafnt er hvernig þetta belti í sjó er skilgreint. Annars vegar er um að ræða netlög 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði þar sem aðdjúpt er og hins vegar netlög út á dýpi 20 möskva selnótar eða út á 7,45 metra dýpi út frá stórstraumsfjöruborði þar sem grunnsævi er meira (skýringar Páls Vídalín, lögmanns 1667-1727).

Eins og kemur fram í formála, þá er sjórin, dýralíf og plöntulíf á ferð milli netlaga og ytra svæðis. Engin bein skil eru á milli þessara svæða. Sjávarauðlindin er því óskipt sameign. Í því sambandi mætti vísa í svonefnda deilistofna, flökkustofna, sem eru á ferð milli svæða og semja þarf um.

Tveir sjávarlíffræðingar við Háskóla Íslands og Hafrannsóknarstofnun segja eftirfarandi í grein sinni í Morgunblaðinu 13. apríl 2008: "*Grunnsævið gulls ígildi. Færa má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni*". Svo segir: "*Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir okkar helstu nytjafiska*". Fleiri vísindamenn taka í sama streng svo sem dr. Veerle Vanderweeld, framkvæmdastjóri alheimsáætlunar um varnir gegn mengun hafsins frá landi, en hún segir í viðtali í Morgunblaðinu 27. október 2000: "*Skilgreind strandsvæði eru einnig hýbýli 90% fiska og skeldýra*". Vísað er í viðtal við dr. Kenneth Sherman, forstjóra Narragansett hafrannsóknarstofnunarinnar á Rhode Island í Fréttablaðinu 31. janúar 2002 en hann segir m.a.: "*Vistkerfi óháð landamærum og efnahagslögsögu. Hann vísar í strandsvæði, frá árkerfum að landgrunnsörkum og ytri örkum helstu straumkerfa. Tvö eða fleiri samliggjandi lönd deila oft eina og sama vistkerfinu*". Höfðað er til hlutdeildar í deilistofnum. Vísað er í viðtal í Morgunblaðinu 4. júlí 2005 við dr. Kathy Sullivan, geimfara og könnuð í Explorers Club, en hún segir: "*Strandsvæðin skipta miklu máli fyrir fiskveiðar og eru mikilvægar fiskuppeldisstöðvar. Umhverfisgæði almennt taka mið af ástandi strandsvæðanna sem eru lungu og lifur jarðarinnar*". Að lokum ber að nefna í þessu sambandi tvo þætti dr. David Attenboroughs "*Hafið bláa hafið*" en þeir voru sýndir í íslenska sjónvarpinu 16. og 23. nóvember 2003. Þættir 7 og 8 fjalla um strandsvæði sem má segja að hér á landi séu oft nefnd netlög. Þættirnir skýra vel hversu mikilvæg netlögin eru. Hversu fjölskrúðugt dýra- og plöntulíf er á strandsvæðunum og hvað það er mikilvægt fyrir lífið utar í hafinu.

Landhelgi er skilgreind út frá landi og eru því netlög í landhelgi Íslands og innan auðlindalögsögunnar.

Nú er ljóst að mannréttindadómstóll Evrópu lítur svo á að netlög séu eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Alþingi getur því ekki lengur hundsáð þennan eignarrétt og ber að virða hann.

Alþingi hefur ekki umboð eða heimildir til að ráðstafa þessum eignarrétti sjávarjarða. Alþingi ber að fara að lögum sem það hefur sjálf sett svo sem eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og fleiri lögum um netlög.

Lagt hefur verið fram frumvarp sem nefnt hefur verið frumvarp um strandveiðar. Sjávarströndin og netlögin þar fram undan er víða í einkaeign. Það er álit eigenda sjávarjarða að Alþingi geti ekki sett

lög um stjórn fiskveiða er varðar strandveiðar og ráðstöfun á auðlindinni án þess að meðeigendur að henni séu hafðir með í ráðum. Annað væri fádæma yfirgangur og sæmir ekki Alþingi.

Það er krafa eigenda sjávarjarða, sem meðeigenda að óskiptri sjávarauðlindinni, að þeir verði hafðir með í ráðum með lagasetningu er tengist sjávarauðlindinni og sérstaklega þegar um er að ræða lagasetningu sem tengist strandsvæðum.

Óskað er eftir fundi með sjávarútvegsnefnd Alþingis um þessi mál sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,  
Samtök eigenda sjávarjarða.

---

Ómar Antonsson, formaður.

**Meðfylgjandi er til upplýsinga:**

1. Auglýsing, dags. 3. október 2003 er skilgreinir rétt og eign sjávarjarða í auðlindinni samkvæmt íslenskum lögum.
2. Bréf, dags. 7. nóvember 2002 til Dr. Franz Fischlers, ráðherra Evrópusambandsins.

Sjávarútvegsráðuneytið  
Hr. Jón Bjarnason, sjávarútvegsráðherra  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 23. október 2009.

**Efni: Eignarréttur sjávarjarða og hlutdeild í veiðigjaldi (auðlindagjaldi).**

I.

Til Réttar hafa leitað, Samtök eigenda sjávarjarða, pósthólf 90, 780 Hornafirði, en þau eru samtök þeirra sem eiga og/eða nytja sjávarjarðir, svo og þeirra sem eru áhugamenn um hlunnindarétt jarða. Stór hluti eigenda sjávarjarða eiga aðild að samtökunum.

Vísað er til bréfs samtakanna til sjávarútvegsráðherra 13. september 2004, en þar var farið fram á að hluti auðlindagjaldsins rynni til eigenda sjávarjarða. Sjávarútvegsráðuneytið svaraði bréfinu án alls rökstuðnings þann 21. september 2004, en um kröfur eigenda sjávarjarðar til hlutdeildar í auðlindagjaldi sagði einfaldlega:

„Með bréfi þessu vill ráðuneytið áréttta, að það hafnar þeim hugmyndum og óskum sem settar eru fram í bréfi yðar.“

II.

Samtök eigenda sjávarjarða una ekki þessu svari ráðuneytisins og krefjast þess að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína til þessara mála ellegar rökstyðji með ítarlegum hætti hvers vegna þau telji að eigendur sjávarjarða eigi ekki rétt á hlutdeild í auðlindagjaldinu. Til stuðnings fyrrgreindum kröfum er vísað til áðurgreinds bréfs samtakanna 13. september 2004 auk eftirfarandi sjónarmiða:

Óumdeilt er að nytjastofnar þeir á Íslandsmiðum, sem lög um stjórn fiskveiða ná til, eiga uppruna sinn m.a. í netlögum sjávarjarða. Því til stuðnings er vísað til skrifra tveggja sjávarlíffræðinga við Háskóla Íslands og Hafrannsóknunarstofnun í Morgunblaðinu 13. apríl 2008:

„Grunnsævið er gulls ígildi. Færa má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni. [...] Grunnsævið í kringum Ísland (grynna en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir okkar helstu nytjafiska.“

Samtök eigenda sjávarjarða vekja jafnframt athygli ráðuneytisins á því að eignarréttur eigenda sjávarjarða til netlaga nýtur verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. l. nr. 62/1994. Fjallað var um þetta atriði í álitum Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Björns Guðna Guðjónssonar nr. 40169/05 gegn íslenska ríkinu en þar segir:

„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi myndað „eign“ í skilningi 1. gr. sammingsviðauka 1.“

Að lokum vísa samtökin sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Þar segir:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

III.

Með vísan til framangreinds er þess krafist að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína til þessara mála og hefji formlegar viðræður um lausn fyrrgreinds máls eigi síðar en 6. nóvember nk. ellegar rökstyðji með ítarlegum hætti hvers vegna þau telji að eigendur sjávarjarða eigi ekki rétt á hlutdeild í auðlindagjaldinu. Berist ekki svar við bréfi þessu innan þess frests verður litið svo á að stjórnvöld hafni viðræðum við eigendur netlaga um lausn málsins og hyggist þar með halda áfram að innheimta gjald af þeim sem nýta auðlindina án tillits til löglegra réttinda eigenda sjávarjarða í nytjastofnunum og þar með rökréttri kröfu til hlutdeildar í umræddu gjaldi.

Virðingarfyllst,

Ragnar Aðalsteinsson, hrl.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Samtaka eigenda sjávarjarða til sjávarútvegsráðuneytisins, 13. september 2004.
2. Bréf sjávarútvegsráðuneytisins til Samtaka eigenda sjávarjarða, 21. september 2004.
3. Jónas Páll Jónasson og Björn Gunnarsson: „Grunnsævið gulls ígildi?“. Birtist í Morgunblaðinu 13. apríl 2008.
4. Þingsályktun um skipan opinberrar nefndar um auðlindgjald, 465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing.

**Samtök eigenda sjávarjarða.  
Pósthólf 90,  
780 Hornafirði.**

Hr. Jón Bjarnason, sjávarútvegsráðherra,  
sjávarútvegsráðuneytinu,  
Skúlagötu 4,  
101 Reykjavík.

8. júlí 2010.

**Skipun nefndar (starfshóps) um skilgreiningu á eignarrétti sjávarjarða í sjávarauðlindinni.**

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða (SES) vísar í fund með þér þann 20. janúar þar sem m.a. var óskað eftir því að sjávarútvegsráðuneytið og/eða Alþingi setji á stofn sérstaka nefnd til að skilgreina eign sjávarjarða. Ennfremur er vísað í bréf til formanns starfshóps um endurskoðun laga um fiskveiðistjórnun 16. apríl 2010.

Áhersluatriði sem samþykkt voru á aðalfundi SES eru eftirfarandi:

- Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í gildandi lögum um stjórn fiskveiða.
- Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Stjórn SES óskar hér með eftir því að skipuð verði nefnd (starfshópur) til að skoða lögvarða eignarréttarlega stöðu sjávarjarða í sjávarauðlindinni en lagafyrirmæli frá Alþingi eru um þennan eignarrétt.

Það er álit stjórnar SES að verkefni nefndarinnar (starfshópsins) verði að komast að samkomulagi og skýra betur hver þessi lögvarði réttur er, þannig að niðurstaðan nýtist við endurskoðun laga um fiskveiðistjórnunina.

Ef ekki næst samkomulag um málið í nefndinni (starfshópnum) verði gerðardómur fenginn til að skera úr álitamálum.

Stjórn SES álitur að lögbundin eignarhlutdeild sjávarjarða í sjávarauðlindinni þurfi að vera ljós og útkljáð áður en ný lög um stjórn fiskveiða koma til afgreiðslu hjá löggjafanum.

Virðingarfyllst

f.h Samtaka eigenda sjávarjarða ([www.ses.is](http://www.ses.is)).

Ómar Antonsson, formaður  
Bjarni M. Jónsson  
Sigurður Filippusson

Björn Erlendsson  
Pétur Guðmundsson



**Samtök eigenda sjávarjarða.**  
**Pósthólf 90,**  
**780 Hornafirði.**

Hr. Jón Bjarnason, sjávarútvegsráðherra,  
sjávarútvegsráðuneytinu,  
Skúlagötu 4,  
101 Reykjavík.

27. september 2010.

**Skipun nefndar um skilgreiningu á eignarhlutdelld sjávarjarða í sjávarauðlindinni.**

Ég vísa í bréf stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða til þín, dags. 8. júlí 2010.

Nú hefur starfshópur um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða lokið stöfum sínum, sbr. skýrslu, dags. 6. september 2010. Eftirfarandi urðu málalok starfshópsins hvað viðvíkur ósk eigenda sjávarjarða um að skipuð yrði nefnd (starfshópur) til að skoða lögvarða eignarréttarlega stöðu sjávarjarða í sjávarauðlindinni:

*„Það er mat meirihluta starfshópsins að skynsamlegt og gagnlegt gæti reynst að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði slíka nefnd sem fengi það eina hlutverk að draga fram öll þau gögn sem kunna að varða þetta einstaka en um leið flókna mál, og vinna með þau á þann hátt að komast megi nær niðurstöðu í málinu“.*

Lagafyrirmæli eru frá Alþingi um eignarrétt eigenda sjávarjarða í sjávarauðlindinni og í stjórnarskránni er ákvæði um friðhelgi eignarréttarins. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komið með eftirfarandi orðrétt álit sitt:

*„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.*

Auk þess þarf að gæta að því í allri umfjöllun að samkvæmt lögum og mannréttindasáttmálum má ekki mismuna fólki vegna eigna eða þjóðernis.

Hér með er óskað eftir fundi með þér sem allra fyrst um skipun þessarar nefndar.

Virðingarfyllst,  
f.h Samtaka eigenda sjávarjarða ([www.ses.is](http://www.ses.is)).

---

Ómar Antonsson, formaður

**Samtök eigenda sjávarjarða.  
Pósthólf 90,  
780 Hornafirði.**

Hr. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra,  
utanríkisráðuneytinu,  
Rauðarárstíg 25,  
105 Reykjavík.

13 . október 2010.

**Eignarréttindi sjávarjarða í sjávarauðlindinni.**

Ég vísa í grein þína í Fréttablaðinu 11. október 2010 „Við tryggjum ekki eftir á“, þar sem þú segir að þú leggir mikla áherslu á að samtök þeirra sem eiga mikilla hagsmuna að gæta komi ríkulega að undirbúningi samnings um aðild að Evrópusambandinu og að það gildi um bændur jafnt sem aðra.

Samtök eigenda sjávarjarða voru stofnuð 2001 og voru stofnaðilar um 500 (margir þeirra bændur). Áhersluatriði sem samþykkt voru á aðalfundi samtakanna eru eftirfarandi:

- Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í gildandi lögum um stjórn fiskveiða.
- Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Samtökin eru einu eigendur sjávarauðlindarinnar samkvæmt lögum.

Lagafyrirmæli eru frá Alþingi um eignarrétt eigenda sjávarjarða í sjávarauðlindinni og í stjórnarskránni er ákvæði um friðhelgi eignarréttarins. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komið með eftirfarandi orðrétt bindandi álit sitt:

*„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.*

Auk þess þarf að gæta að því í allri umfjöllun að samkvæmt lögum og mannréttindasáttmálum má ekki mismuna fólki vegna eigna eða þjóðernis.

Samtökin hafa þegar verið í sambandi við Evrópusambandið. Þau rituðu bréf til Franz Fischler, sjávarútvegsráðherra sambandsins 7. nóvember 2002 og áttu síðar fund með honum og til Timo Summa, sendiherra sambandsins 1. febrúar 2010 og áttu svo einnig fund með honum.

Þar sem samtökin eiga mikilla eignarréttarlegra hagsmuna að gæta þá er óskað eftir því að þú komir því í kring að þau geti komið ríkulega að undirbúningi samnings við Evrópusambandið í sambandi við sjávarauðlindina.

Virðingarfyllst,

f.h Samtaka eigenda sjávarjarða (heimasíða:

[www.ses.is](http://www.ses.is)).

---

Ómar Antonsson, formaður

18. janúar 2011.

**139. löggjafarþing 2010–2011.**  
**Þskj. 693 — 421. mál.**

## **Fyrirspurn**

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um réttindi sjávarjarða.

Frá Vigdísí Hauksdóttur.

1. Verður útræðisréttur sjávarjarða virtur og staðfestur við þá endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem núverandi ríkisstjórn hyggst ráðast í?
2. Verða eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga tryggð við endurskoðunina?

**Skriflegt svar óskast.**

## Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um réttindi sjávarjarða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Verður útræðisréttur sjávarjarða virtur og staðfestur við þá endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem núverandi ríkisstjórn hyggst ráðast í?*
2. *Verða eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga tryggð við endurskoðunina?*

Hentugt er að svara þessari fyrirspurn í einu lagi. Í upphafi er rétt að gera nokkra grein fyrir þeim réttindum sem hér er um að tefla. Í fornlögum segir að svo skuli almenningar vera sem að fornu hafa verið, bæði hið efra og hið ytra. Veiðar í svonefndum hafalmenningum, þ.e. í sjó utan netlaga, voru um aldir taldar frjálsar. Á hinn bóginn átti landeigandi einn alla veiði í netlögum.<sup>1</sup> Á 20. öld voru reistar margvíslegar takmarkanir við veiðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem hafa gengið nærri því að afhema hina fornu meginreglu um almannarétt til fiskveiða. Alkunna er að árin 1984–1991 var komið á fót svonefndu aflamarkskerfi (kvótakerfi). Um eignarheimildir í netlögum sjávarjarða, m.a. í ljósi þessara breytinga, hefur gerst fjallað Skúli Magnússon í grein í *Lögbergi* árið 2003.<sup>2</sup> Nokkur réttarþróun hefur orðið síðan greinin var skrifuð, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 31. október 2007 í máli nr. 554/2007 og frávisunarúrskurð fjórðu aðaldeildar Mannréttindadómstóls Evrópu um kærnu nr. 40169/05 í máli Björns Guðna Guðjónssonar gegn Íslandi.

Vegna fyrirspurnarinnar verður bent á það að ráðherra ákvað að veita Samtökum eigenda sjávarjarða aðild að starfshópi um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem skilaði skýrslu dags. 6. september 2010. Í skýrslunni segir að frá upphafi hafi áherslur og málflutningur fulltrúa samtakanna í starfshópnum verið „sjálfstætt mál sem þarfnaðist sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu“. Helstu sjónarmiðum samtakanna er lýst í skýrslunni. Meiri hluti starfshópsins áleit að „skynsamlegt og gagnlegt gæti reynst“ að ráðherra skipaði sérstaka nefnd sem fengi það eina hlutverk að draga fram öll þau gögn sem „kunna að varða þetta einstaka en um leið flókna mál, og vinna með þau á þann hátt að komast megi nær niðurstöðu í málinu. Tekið verði tillit til þeirrar niðurstöðu sem fæst við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.“ Málefnið væri „of sérhæft og umfangsmikið til að leiða það til lykta innan [hópsins].“ Í bókun stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða, sem prentuð er sem fylgiskjal við skýrsluna, er nánar greint frá sjónarmiðum samtakanna.<sup>3</sup>

Ráðherra hefur ekki skipað sérstaka nefnd samkvæmt ábendingu meiri hluta starfshópsins og að beiðni Samtaka eigenda sjávarjarða. Að því leyti sem endurskoðunin snertir skýrlega

<sup>1</sup> Sjá t.d.: Óbyggðanefnd: *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum*. Reykjavík 8. janúar 2010, bls. 42–46.

<sup>2</sup> Skúli Magnússon: „Íslensk fiskveiðistjórn og réttur eigenda sjávarjarða.“ *Lögberg. Rit Lagastofnunar Háskóla Íslands*. Ritstjórar Stefán Már Stefánsson og Viðar Már Matthíasson. Reykjavík 2003, bls. 683–730.

<sup>3</sup> Skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Álitamál, greiningar, skýrslur og valkostir við breytingar á stjórn fiskveiða. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gaf út. Reykjavík 2010, bls. 66 og 90–91.

málefni eigenda sjávarjarða verður engu að síður leitast við að hlýða á sjónarmið þeirra og taka tillit til þeirra. Með vísan til framangreinds getur ráðuneytið ekki að svo stöddu gefið frekari svör um afstöðu til sjónarmiða þeirra.

**Association of Coastal Property Owners**  
*(Samtök eigenda sjávarjarða)*  
**PO Box 90,**  
**780 Hornafjörður,**  
**Iceland.**

European Union.

Mrs. Helena Alvin, Policy Officer-European Integration

[Helena.ALVIN@ec.europa.eu](mailto:Helena.ALVIN@ec.europa.eu)

and

Mr. Armando Astudillo, Adviser-Atlantic, Outermost Regions and Arctic.

[Armando.Astudillo@ec.europa.eu](mailto:Armando.Astudillo@ec.europa.eu)

Iceland, 19 February 2011.

Dear Officer Alvin and Adviser Astudillo.

**Re: Fishing rights and ownership of fishery resources in Icelandic waters.**

We, the representatives of the abovementioned **civil society**, should like to inform you that under Icelandic law, ownership rights in a zone extending from the coast of Iceland (and its islands) into its fisheries jurisdiction belong to the owners of the relevant coastal properties; these rights include certain fishing rights and the control of other resources in the water (such as whale-hunting etc.). These owners are part of the Icelandic nation, most or all of them being Icelandic citizens. We wish to refer to the enclosed Announcement Sheet and the assessment of the European Court of Human Rights 2<sup>nd</sup> December 2008, where it is stated: *“Moreover, the Court finds that the applicant’s right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1.”*

Neither the Government of Iceland nor the Icelandic state, including the Icelandic EU negotiating committee, represents the private properties of the owners of the coastal properties, and the parties in this above mentioned civil society have not been prepared to discuss the issue with the European Union delegation to Iceland. Our ownership is not honoured according to the law. We consider it very important that the Icelandic delegation will be asked precisely by the EU delegation about the matter on these screening meetings ahead for example regarding what the law specify about the property rights of coastal properties both direct ownership rights and the rights to utilize the fishing grounds what concerns employment rights. Also that they will be asked about the ownership of the living species and the sea inside and outside the privately owned net-zone as a mobile and undivided whole and how Icelandic authorities plan to solve the issue that peoples property rights will be honoured in this respect.

We hereby request that in the screening meetings in the nearest future our property rights will be discussed in detail and also how it will be possible to take them into the discussion about the future management of the fisheries resource.

For further information, we should be grateful if you could in this respect contact me the chairman or the secretary of the Association Mr Björn Erlendsson, Adalland 15, 108 Reykjavik, Iceland, tel. +354 553 1721, [bjorn.erlends@gmail.com](mailto:bjorn.erlends@gmail.com)

We also refer to our homepage:

[www.ses.is](http://www.ses.is)

Yours sincerely,

On behalf of the Icelandic Association of Coastal Property Owners,

Ómar Antonsson, Chairman.

Björn Erlendsson, Secretary.

[bjorn.erlends@gmail.com](mailto:bjorn.erlends@gmail.com)

Enclosed:

1. Announcement Sheet, dated 27<sup>th</sup> August 2006.
2. Assessment of the European Court of Human Rights 2 December 2008, concerning property rights.
3. Letter, dated 7<sup>th</sup> November 2002 to EU Commissioner Dr. Franz Fischler.
4. Letter, dated 11<sup>th</sup> June 2009 to the Commission of Fisheries of the Althing.
5. Letter, dated 23<sup>rd</sup> October 2009 from the office of law Réttur to the Minister of Fisheries.
6. Letter, dated 1<sup>st</sup> February 2010, Mr. Timo Summa, Ambassador, Head of Delegation.

**Samtök eigenda sjávarjarða.  
Pósthólf 90,  
780 Hornafirði.**

Hr. Jón Bjarnason, sjávarútvegsráðherra  
Sjávarútvegsráðuneytinu  
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

28. apríl 2011

Eitt aðal markmið Samtaka eigenda sjávarjarða (SES) er að;  
„Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í væntanlegum lögum um stjórn fiskveiða“.  
Meðfylgjandi er tillaga SES til að ljúka þeim samningaumleitunum og deilum við yfirvöld á þessu stigi, sem staðið hafa allt of lengi, á réttlátan hátt.

Að það megi gera út einn bát frá hverri sjávarjörð.  
Afla skuli landað á viðurkennda vigt.  
Að bátur megi ekki vera stærri en 12 metrar.  
Að fjöldi manna á bát megi ekki vera fleiri en tveir.  
Að veiðarfæri skuli vera krókar.  
Handfæri miðist við tvær rúllur á mann og lína við 3200 króka.  
Tími sé takmarkaður við byrjun apríl til loka september.  
Að 2 % af aflaverðmæti renni til Samtaka eigenda sjávarjarða

Netlög sem eru 60 faðmar (115metrar) frá stórstraumsfjörumáli og dýpi að 6.88 metrum, hvort sem lengra nær frá landi, verði virt. Lagafyrirmæli eru um þessi viðmið en hefur lítið verið haldið til haga. Þegar fyrstu taknarkanir á fiskveiðum voru settar á, voru þær aðgerðir til bráðabrigða, m.a. í friðunartilgangi. Nú hefur málum svo skipast í tæpa þrjá áratugi að eigendum sjávarjarða hefur verið meinað að nýttja þau lögformlegu réttindi sín sem aldirnar hafa gefið og öðrum afhent þau réttindi ólöglega. Því gerum við þá tillögu sem að ofan er lýst. Með þessu er ljóst að um nokkrar bætur er að ræða fyrir þá sem hafa verið sviftir þessum rétti í áratugi, ásamt því að um talsverða bót er að ræða í afleiddum störfum vegna þessa, auk gjaldeyrissköpunar.

*Óskað er eftir fundi með ráðherra um þetta mál sem allra fyrst.*

*Virðingarfyllst.  
Samtök eigenda sjávarjarða.*

*Ómar Antonsson, formaður.*

*Afrit sent til starfshóps sem vinnur að frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða.*